



AKUREYRARBÆR

DALSBRAUT, FRÁ ÞINGVALLASTRÆTI AÐ MIÐHÚSABRAUT FYRIRHUGUÐ VINNA VIÐ DEILISKIPULAG

SKÝRSLA UM SKIPULAGSLÝSINGU, MATSLÝSINGU OG TILKYNNINGU FRAMKVÆMDAR

LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNI

SAMKVÆMT 40. GREIN SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010

MATSLÝSING VEGNA VINNU VIÐ DEILISKIPULAG

SAMKVÆMT LÖGUM UM UMHVERFISMAT ÁÆTLANA NR. 105/2006

TILKYNNING FRAMKVÆMDAR

SAMKVÆMT LÖGUM UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM NR. 106/2000

ÚTGÁFA 0.0

23.06.2011

UNNIÐ FYRIR AKUREYRARBÆ



hönnun-skipulag

1	Inngangur	2
2	Forsendur og viðfangsefni	3
2.1	Umferð.....	3
3	Skipulag	4
3.1	Afmörkun skipulagssvæðisins og stærð	4
3.1	Núverandi aðstæður.....	4
3.2	Skipulagsleg staða.....	4
4	Framkvæmd	6
4.1	Hönnun	6
4.2	Uppgröftur og uppfylling	6
4.3	Framkvæmdatími.....	6
4.4	Leyfi sem framkvæmdin er háð	6
5	Umhverfismat	7
5.1	Helstu áhrif á umhverfið.....	7
5.2	Kynning og samráð	7
5.3	Umhverfisþættir	8
5.4	Umhverfisviðmið	9
5.5	Valkostir	9
5.6	Aðferðarfræði	9
5.7	Skipulagsferli.....	10
	Heimildaskrá.....	11

1 Inngangur

X2 hönnun - skipulag ehf. vinnur nú að gerð deiliskipulags fyrir Dalsbraut, frá Þingvallastræti að Miðhúsabraut, ásamt nokkrum fullbyggðum íbúðarsvæðum sem liggja að götustæðinu.

Skv. skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni.

Deiliskipulagið fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og er framkvæmdin einnig tilkynningarskyld skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, vegna liðar 10c í viðauka 2: *Tengibrautir í þéttbýli*.

Vegna þessa er þörf á að vinna eftirfarandi skýrslur vegna málsins:

- *Lýsing á skipulagsverkefni*
 - *Samkvæmt 40. grein skipulagslaga nr. 123/2010*
- *Matslýsing vegna vinnu við deiliskipulag*
 - *Samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006*
- *Tilkynning framkvæmdar*
 - *Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000*

Í stað þess að vinna þrjár skýrslur vegna málsins var tekin sú ákvörðun í samráði við Skipulagsstofnun að vinna eina skýrslu sem tekur á öllum ofangreindum þáttum.

Tilgangur þessarar skýrslu er að óska eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar þess efnis hvort framkvæmd við lagningu Dalsbrautar skuli háð mati á umhverfisáhrifum ásamt því að leita umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsinu á deiliskipulagi annarsvegar og matslýsingu vegna umhverfismats deiliskipulags hinsvegar.

2 Forsendur og viðfangsefni

Fyrirhugað er að ráðast í lagningu tengibrautarinnar Dalsbrautar frá aðkomuvegi að Lundarskóla í norðri að Miðhúsabraut í suðri. Upphaf Dalsbrautar í norðri er við Borgarbraut og liggur hún þaðan að Þingvallastræti og áfram að aðkomuvegi að Lundarskóla. Gert er ráð fyrir að Dalsbraut muni liggja áfram til suðurs, þvera Skógarlund og tengjast Miðhúsabraut um núverandi hringtorg við Kjarnagötu. Gatan verður þannig í eðlilegu framhaldi af Dalsbraut norðan Þingvallastrætis og tengir og greiðir fyrir umferð milli Brekkunnar, Lundahverfis og nýjasta hverfis Akureyrar, Naustahverfis.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að með lagningu Dalsbrautar muni leiðir styttest, samgöngur milli hverfa vera greiðari og hugsanlegt er að heildarbílaumferð verði minni en ella.

Viðfangsefni deiliskipulagsins er að gera deiliskipulag fyrir fyrirhugaða Dalsbraut ásamt aðliggjandi íbúðarhverfi. Ástæða þess að þessi íbúðarsvæði eru hluti deiliskipulagsins er að með því verður til deiliskipulag fyrir öll aðliggjandi svæði að Dalsbrautinni og þar með fæst betri heildarmynd af því hvernig Dalsbrautin og stígar meðfram henni tengjast umhverfi sínu. Þá er ekki til deiliskipulag fyrir áðurnefnd íbúðarsvæði, nema fyrir Kjarrlund, Barrlund og Þrastarlund.

2.1 Umferð

Umferðarspá var gerð fyrir Dalsbraut sunnan Þingvallastrætis árið 2004 og í skammtímaspá hennar er gert ráð fyrir að þar verði u.þ.b. 4 þúsund ökutæki á sólarhring, um fjögur hundruð á hámarksklukkustund. Þegar skammtímaspá var gerð var gert ráð fyrir að hún væri fyrir tímabilið 2014-2018 en vegna hægari uppbyggingarhraða í Naustahverfi en gert var ráð fyrir í spánni má gera ráð fyrir að skammtímaspáin eigi ekki við fyrr en um og eftir árið 2018.

Skv. langtímaspá sem gildir fyrir tímabilið 2022-2026 má gera ráð fyrir að umferð um Dalsbraut í gegnum Lundahverfi hafi minnkað eitthvað og verði um 3-4 þúsund bílar á sólarhring, en á móti muni umferð um Miðhúsabraut og Hlíðarbraut aukast verulega.

3 Skipulag

3.1 Afmörkun skipulagssvæðisins og stærð

Svæðið sem deiliskipulagið nær til er götustæði Dalsbrautar, frá Þingvallastræti í norðri að Miðhúsabraut í suðri, ásamt nokkrum fullbyggðum íbúðarsvæðum sem liggja að götustæðinu. Íbúðarsvæðin vestan Dalsbrautar eru við Grenilund, Kjarrlund, Barrlund, Hlíðarlund og Heiðarlund. Austan Dalsbrautar eru íbúðarsvæðin við Hjarðarlund, Háalund, Þrastarlund, Espilund, Birkilund og Einilund.

Skipulagssvæðið er alls um 20,0 ha að flatarmáli.

3.1 Núverandi aðstæður

Svæðið sem deiliskipulagið nær til einkennist af lágreistri byggð einbýlishúsa og raðhúsa en í gegnum svæðið liggur vegastæði Dalsbrautar sem er grasi gróið og hefur verið svo frá því að svæðið hóf að byggjast seint á sjöunda áratugnum.

Svæðið austan vegastæðis Dalsbrautar einkennist meira og minna af einlyftum einbýlishúsum á fremur stórum lóðum, en við Einilund eru þó raðhús sem einnig eru einlyft. Hús þessi eru öll byggð á árabílinu 1968 – 1976 fyrir utan tvílyft einbýlishús við Þrastarlundi frá árinu 2001 og tvö sambýli fyrir fatlaða við Þrastarlund og Skógarlund sem eru byggð árin 1943 og 1996.

Vestan vegastæðis Dalsbrautar er meiri fjölbreytni í húsagerð. Við Grenilund eru einlyft parhús með kjallara og sum þeirra eru með ris og eru þau byggð um 1980. Við Kjarrlund og Barrlund eru lítil einlyft einbýlishús með risi frá árinu 1995 og við Heiðarlund eru raðhús á tveimur hæðum sem byggð voru um miðjan áttunda áratuginn. Við Hlíðarlund er raðhús á tveimur hæðum sem byggt var árið 1990.

Hluti Dalsbrautar er þegar til staðar en upphaf hennar er við Borgarbraut og liggur hún þaðan að Þingvallastræti. Innan skipulagssvæðisins liggur hún frá Þingvallastræti og áfram að aðkomuvegi að Lundarskóla.

3.2 Skipulagsleg staða

Í gildi er Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018. Gert er ráð fyrir að deiliskipulag Dalsbrautar verði í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 er Dalsbraut heimiluð sem *tengibraut* en landnotkun nærumhverfis götunnar er skilgreint sem *óbyggð svæði*. Meðfram Dalsbrautinni austanverðri er í gildandi aðalskipulagi gert ráð fyrir *aðalstíg* fyrir gangandi og hjólandi.

Meginhluti skipulagssvæðisins er skilgreint í aðalskipulagi sem *íbúðarsvæði*, fullbyggt og fullmótað hverfi á suðurbrekkunni og Lundarhverfi. Tvö lítil svæði eru með aðra landnotkun og eru það annarsvegar 0,3 ha *svæði fyrir þjónustustofnanir* við Skógarlund (hæfingarstöð fatlaðra) og

hinsvegar 0,3 ha *opið svæði til sérstakra nota* við Þrastarlund (trjágarður). Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir að bæði þessi svæði verði óbreytt.

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir að með lagningu Dalsbrautar muni leiðir styttest, samgöngur milli hverfa vera greiðari og hugsanlegt er að heildarbílaumferð verði minni en ella. Jafnframt er það meðvitað að hugsanleg neikvæð áhrif götunnar verði á yfirbragð hverfisins, hljóðvist og umferðaröryggi þar sem Dalsbraut sunnan Þingvallastrætis fer um skólahverfi Lundarskóla.

Innan skipulagssvæðisins er í gildi deiliskipulag fyrir tvö svæði. Annarsvegar er í gildi deiliskipulag fyrir Kjarrlund og Barrlund og hinsvegar fyrir Þrastarlund. Deiliskipulag fyrir þessi svæði ná yfir mjög afmörkuð svæði og verða þau felld úr gildi með gildistöku deiliskipulags fyrir Dalsbraut.

4 Framkvæmd

Hér að neðan eru helstu upplýsingar um framkvæmd við lagningu Dalsbrautar.

4.1 Hönnun

Lengd Dalsbrautar frá aðkomuvegi að Lundarskóla að Miðhúsabraut er um 800 m og er breidd vegastæðisins á milli lóðarmarka á megin hluta svæðisins 35-40 metrar.

Breidd Dalsbrautar verður 7,5 m og gert er ráð fyrir hringtorgi á gatnamótum Dalsbrautar og Skógarlundar. Gert er ráð fyrir 3 m breiðum göngustíg austan götunar og verður fjarlægð hans frá Dalsbraut 7-13 m. Göngutengingar verða yfir Dalsbrautina við gatnamót hennar við Miðhúsabraut, Skógarlund og Þingvallastræti. Þess utan er gert ráð fyrir gönguljósum á tveimur til þremur stöðum til að tengja hverfin beggja megin götunnar. Ein þessara tenginga verður sunnan Skógarlundar og ein eða tvær tengingar verða í nánd við Lundarskóla og íþróttasvæði KA.

Þörf verður á hljóðvörnum beggja megin Dalsbrautar. Umfang þessara hljóðvarna er ekki ljóst en í vinnslu er skýrsla þar sem reiknað er út og metið hversu umfangsmiklar þessar hljóðvarnir þurfa að vera. Austan Dalsbrautar er gert ráð fyrir að hljóðvarnir verði staðsettar á milli götukants og göngustígsins en vestan Dalsbrautar verða þær staðsettar á milli götukants og lóðarmarka.

Hönnunarhraði Dalsbrautar er 50 km/klst en þó er gert ráð fyrir að hámarkshraði götunnar í nánd við Lundarskóla verði 30 km/klst, a.m.k. á skólatíma.

4.2 Uppgröftur og uppfylling

Breidd Dalsbrautar er 7,5 m en gert er ráð fyrir að það svæði sem moka þarf út verði um 10,5 m að breidd, þ.e. 1,5 m út fyrir götukant beggja vegna. Uppgröftur verður um 1 m undir götuhæð en þar sem gatan verður eitthvað lægri í landi en núverandi landhæð er á svæðinu er talið að grafa þurfi út um 23.600 m³ af efni úr götustæðinu. Gert er ráð fyrir að og að fyllingarefni undir götuna verði um 16.000 m³.

4.3 Framkvæmdatími

Gert er ráð fyrir að framkvæmdatíminn Dalsbrautar verði að mestu árið 2012.

4.4 Leyfi sem framkvæmdin er háð

Fyrirhuguð Dalsbraut er háð framkvæmdaleyfi frá Akureyrarbæ skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

5 Umhverfismat

Þar sem deiliskipulag Dalsbrautar fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana verður unnin umhverfisskýrsla sem verður hluti greinargerðar deiliskipulagsins.

Umvhverfisskýrslan verður unnin í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 sem og leiðbeiningar Skipulagsstofnunar sama efnis. Við umhverfismat deiliskipulagsins verður ekki farið í sérstakar rannsóknir heldur verður stuðst við þær upplýsingar sem liggja fyrir um grunnsástand umhverfis ásamt þeim gögnum sem til eru og hafa verið unnin í tengslum við athugun á þörf fyrir lagningu Dalsbrautar. Þessi gögn eru m.a. eftirfarandi:

- *Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018. Greinargerð og uppdrættir.*
- *EFLA verkfræðistofa, mars 2010. Athugun á þörf fyrir lagningu Dalsbrautar sunnan Þingvallastrætis. Greinargerð. Unnið fyrir Akureyrbæ.*
- *EFLA verkfræðistofa, maí 2010. Hljóðvist við Dalsbraut, Akureyri. Greinargerð. Unnið fyrir Akureyrbæ.*
- *EFLA verkfræðistofa, 19.05.2010. Minnisblað. Mat og þörf á Dalsbraut. Ávinningur og kostnaður, lagning Dalsbrautar og aðrar aðgerðir. Unnið fyrir Akureyrbæ.*
- *EFLA verkfræðistofa, 22.06.2011. Minnisblað. Hljóðvist, endurskoðun hljóðvarna við Dalsbraut. Unnið fyrir Akureyrbæ.*
- *Línuhönnun, maí 2004. Dalsbraut/Miðhúsabaut. Hvaða leið skal valin m.t.t. umferðartækni og hljóðvistar. Greinargerð. Unnið fyrir Akureyrbæ.*
- *Línuhönnun, maí 2003. Hljóðstigi við Dalsbraut og Miðhúsabaut. Greinargerð. Unnið fyrir Akureyrbæ.*

5.1 Helstu áhrif á umhverfið

Áhrif fyrirhugaðra framkvæmda eru að mati framkvæmdaraðila talin vera óveruleg. Helstu mögulegu umhverfisáhrif Dalsbrautar eru talin vera á hljóðvist, vegna nálægðar við íbúðarbyggð, og á umferðaröryggi þar sem Dalsbraut sunnan Þingvallastrætis fer um skólahverfi Lundarskóla. Þá er mögulegt að yfirbragð hverfisins verði fyrir áhrifum með tilkomu Dalsbrautar.

5.2 Kynning og samráð

Í tengslum við vinnu við deiliskipulag verður haft samráð eða samband við þær stofnanir og hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir deiliskipulagið eða umhverfismat deiliskipulagsins.

Helstu samráðsaðilar:

- *Skipulagsstofnun*
 - *Lýsing á skipulagsverkefni verður lögð fyrir Skipulagsstofnun við upphaf vinnu við deiliskipulag í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.*
 - *Skipulagsstofnun er lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismats áætlana skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.*
 - *Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um hvort að framkvæmdin sé matsskyld skv. 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.*
- *Umhverfisstofnun,*
 - *Vegna mögulegra umhverfisáhrifa á loftgæði og hljóðvist og sem lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismat áætlana.*
- *Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra*
 - *Vegna mögulegra umhverfisáhrifa á loftgæði og hljóðvist.*

Gert er ráð fyrir að skýrsla þessi verði kynnt almenningi ásamt því að skýrslan mun liggja frammi á skrifstofu Akureyrarbæjar og vera aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins.

5.3 Umhverfispættir

Í umhverfisskýrslu deiliskipulags verða eftirfarandi umhverfispættir metnir m.t.t. umhverfisáhrifa:

- *Hagrænir- og félagslegir þættir*
 - *Félagslegt umhverfi*
 - *Samfélagsþjónusta*
 - *Tómstundir*
 - *Verslun og þjónusta*
 - *Samgöngur*
- *Sjónræn áhrif*
 - *Yfirbragð hverfisins*
- *Heilsa og öryggi*
 - *Hljóðvist*
 - *Umferðaröryggi*
 - *Loftgæði*

Aðrir umhverfispættir eru ekki taldir muni verða fyrir áhrifum innan deiliskipulagssvæðisins.

Þeir umhverfispættir sem talið er að geti orðið fyrir mestum umhverfisáhrifum eru hljóðvist og umferðaröryggi, þar sem gatan mun liggja í gegnum íbúðarhverfi og þvera skólahverfi.

5.4 Umhverfisviðmið

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða sem vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem deiliskipulagstillagan hefur í för með sér.

Í deiliskipulagi verða eftirfarandi umhverfisviðmið lögð til grundvallar:

- *Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018*
 - *Sérstaklega hvað varðar samgöngur og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.*
- *Skipulagslög nr. 123/2010.*
 - *Sérstaklega m.t.t. markmiða laganna.*
- *Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.*
 - *Sérstaklega m.t.t. markmiða laganna.*
- *Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.*
 - *Sérstaklega m.t.t. markmiða laganna.*

Við greiningu hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfispáttá, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið verður notast eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

- *(+) Jákvæð áhrif á umhverfispátt.*
 - *Deiliskipulag styður viðmið viðkomandi umhverfispáttar.*
- *(0) Óveruleg áhrif á umhverfispátt.*
 - *Deiliskipulag hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfispátt.*
- *(-) Neikvæð áhrif á umhverfispátt.*
 - *Deiliskipulag vinnur gegn viðmiðum viðkomandi umhverfispáttar.*

5.5 Valkostir

Gert er ráð fyrir að metin verði og borin saman áhrif deiliskipulagsins við líklega þróun umhverfis án framfylgdar þess, núll kost.

Í umhverfisskýrslu verður fjallað um hvernig deiliskipulagið fellur að meginmarkmiðum Aðalskipulags Akureyrar 2005-2018.

5.6 Aðferðarfræði

Umhverfisáhrifin verða metin út frá þeim gögnum og upplýsingum sem liggja fyrir um grunnsástand umhverfis.

Framsetning umhverfismats verður í formi texta og venslatafla.

5.7 Skipulagsferli


Akureyrarbær hefur skipað verkefnahóp vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar við lagningu Dalsbrautar. Verkefnahópur þessi mun koma að vinnu við gerð deiliskipulags Dalsbrautar ásamt ráðgjafafyrirtækinu X2 hönnun – skipulag ehf. Verkfræðistofa Norðurlands hefur umsjón með hönnun götunnar og mun ásamt X2 hönnun – skipulag ehf. koma að hönnun stígakerfis umhverfis götuna og þeirra hljóðvarna sem þörf verður á umhverfis götuna.

Mögulegur tímarammi deiliskipulags:

- | | |
|----------------------|---|
| 1. júní – 1. ágúst | Unnið að tillögu að deiliskipulagi fyrir skipulagssvæðið. Eftir að skýrsla þessi hefur verið tekin fyrir í skipulagsnefnd og bæjarstjórn Akureyrar mun hún vera kynnt almenningi og viðeigandi hagsmunaaðilum ásamt því að liggja frammi á skrifstofu Akureyrarbæjar og á heimasíðu bæjarins. |
| 16. ágúst | Tillaga að deiliskipulagi kynnt á opnum íbúafundi. Á sama fundi er gert ráð fyrir að hönnun Dalsbrautar verði kynnt almenningi. |
| 24. ágúst | Tillaga að deiliskipulagi tekin fyrir á fundi skipulagsnefndar. |
| 25. ágúst | Tillaga að deiliskipulagi tekin fyrir á fundi bæjarráðs þar sem tillagan er afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli. |
| 31. ágúst – 12. okt. | Tillaga að deiliskipulagi í lögbundnu auglýsingar- og kynningarferli. |
| 26. október | Tillaga að deiliskipulagi tekin aftur fyrir á fundi skipulagsnefndar ásamt mögulegum athugasemdum og umsögum sem borist hafa. |
| 1. nóvember | Tillaga að deiliskipulagi fyrir Dalsbraut samþykkt af bæjarstjórn. |
| 1. nóv. – 4. nóv. | Deiliskipulag sent Skipulagsstofnun sem hefur allt að þrjár vikur til að afgreiða málið. |
| 1. desember | Deiliskipulag fyrir Dalsbraut öðlast gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. |

F.h. X2 hönnun – skipulag ehf.

Ómar Ívarsson – skipulagsfræðingur SFFÍ



hönnun - skipulag

kaupangi v/mýrarveg | 600 akureyri | 460 4440 | www.x2.is | x2@x2.is
ingvar ívarsson landslagsarkitekt fló | ómar ívarsson skipulagsfræðingur sffí
460 4442 | 663 5518 | ingvar@x2.is | 460 4441 | 663 0617 | omar@x2.is

Heimildaskrá

Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018. Greinargerð og uppdættir.

EFLA verkfræðistofa, mars 2010. *Athugun á þörf fyrir lagningu Dalsbrautar sunnan Þingvallastrætis. Greinargerð.* Unnið fyrir Akureyrarbæ.

EFLA verkfræðistofa, maí 2010. *Hljóðvist við Dalsbraut, Akureyri. Greinargerð.* Unnið fyrir Akureyrarbæ.

EFLA verkfræðistofa, 19.05.2010. *Minnisblað. Mat og þörf á Dalsbraut. Ávinningur og kostnaður, lagning Dalsbrautar og aðrar aðgerðir.* Unnið fyrir Akureyrarbæ.

EFLA verkfræðistofa, 22.06.2011. *Minnisblað. Hljóðvist, endurskoðun hljóðvarna við Dalsbraut.* Unnið fyrir Akureyrarbæ.

Línuhönnun, maí 2004. *Dalsbraut/Miðhúsabraut. Hvaða leið skal valin m.t.t. umferðartækni og hljóðvistar. Greinargerð.* Unnið fyrir Akureyrarbæ.

Línuhönnun, maí 2003. *Hljóðstigi við Dalsbraut og Miðhúsabraut. Greinargerð.* Unnið fyrir Akureyrarbæ.



ADALSKIPULAG AKUREYRAR 2005-2018

AKUREYRARBÆR - DEILISKIPULAG
DALSBRAUT, FRÁ ÞINGVALLASTR. TIL MIÐHÚSABR.
AFMÖRKUN SKIPULAGSSVÆÐIS - TILLAGA

KVARDI-A1: 1:1000 TEIKN NR: 001
DAGS: 12.04.2011 HANNAÐ ÓMAR/INGVAR
SKRÁ: DALSBRAUT-DSK-PL.DWG VERKNR: 11006



hönnun + skipulag